

Ár 1978, þriðjudaginn 24. janúar, var í málinu nr. 16/1977 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi:

ú r s k u r ð u r :

Árið 1977 var lagður fasteignaskattur að fjárhæð kr. 734.939,- á Félagsstofnun stúdenta vegna hjónagarðsbyggingarinnar við Suðurgötu, Reykjavík.

Félagsstofnunin fór þess á leit við borgarráð Reykjavíkur, að hjónagarðarnir yrðu undanþegnir fasteignaskatti, en á fundi sínum hinn 1. nóvember 1977 synjaði borgarráð þeirri málaleitan.

Með bréfi til Yfirfasteignamatsnefndar, dags. 15. nóvember 1977, kærði Félagsmálastofnunin álagningu þessa og krafðist þess, að fasteignaskattur af hjónagörðunum við Suðurgötu yrði felldur niður.

Í kærubrési Félagsmálastofnunarinnar er gerð svofelld grein fyrir málavöxtum:

"Félagsstofnun stúdenta starfar samkv. 1. nr. 33 frá 1968. Segir þar í 1. gr. að við Háskóla Íslands skuli starfa Félagsstofnun stúdenta. Aðild að stofnuninni eigi menntamálaráðuneytið, Háskóli Íslands og allir skrásettir stúdentar innan hans. Segir og í 1. gr. að eignir og skuldbindingar stúdentagarðanna og annarra fyrirtækja í þágu stúdenta, sem rekin eru innan skólans, skulu hverfa undir hina nýju stofnun. Í 2. gr. segir að stofnunin skuli annast rekstur og bera ábyrgð á fyrirtækjum í þágu stúdenta og beita sér fyrir eflingu þeirra.

Skv. 5. gr. laganna er stofnunin undanþegin tekju- og eignaskatti, aðstöðugjaldi og útsvari.

Í hjónagörðunum við Suðurgötu eru 57 íbúðir og flokkast þannig, að 53 eru tveggja herb. 42 fm. hver en 4 eru með sérstakt barnaherbergi til viðbótar og eru 62 fm. hver. Í hverri íbúð er lítið eldhús, stofa, svefnherbergi og baðherbergi. Í húsinu eru einnig geymslurými fyrir íbúana, sameiginlegar setustofur og leikherbergi fyrir börn.

Rétt til dvalar á hjónagörðunum hafa stúdentar við nám í Háskóla Íslands og annað námsfólk og við afgreiðslu umsókna er tekið tillit til námslengdar, barnafjölda, tekna og félagslegra aðstæðna umsækjenda.

Var flutt í fyrstu 30 íbúðirnar í júní 1976 en í hinar 27 nú í haust. Hafa íbúðirnar eingöngu verið notaðar til að mæta húsnæðisþörf námsfólks en ekki á neinn hátt tengt rekstri Hótel Garðs eða öðrum rekstri Félagsstofnunar stúdenta.

Framhald ....

Samkv. 1. nr. 8/1972 5. gr. sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt eru skólar undanþegnir fasteignaskatti. Með skólum er þar einnig átt við ýmsa þá starfsemi sem tengjast skólastarfi s.s. heimavistir.

Eins og fram kemur í athugasemdum með lagafrumvarpinu um Félagsstofnun stúdenta var aðdragandi frumvarpsins sá, að stúdentar höfðu komið fram með óskir um að þeir fengju meiri áhrif á stjórn stúdentagarðanna. Í umræðum innan Háskólans mótuðust síðan þær hugmyndir sem fram koma í lögunum um Félagsstofnun stúdenta.


Rekstur og tilgangur hjónagarða er á engan hátt frábrugðin rekstri og tilgangi heimavistar. Hvoru tveggja er liður í venjulegu skólahaldi. Sá rammi sem Félagsstofnun stúdenta starfar innan og aðild Háskóla Íslands, menntamálaráðuneytis að stofnuninni hlýtur einnig að leiða til þess að líta ber á rekstur hjónagarðanna sömu augum hvort sem Háskóli Íslands eða Félagsstofnun stúdenta annaðist hann."

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 8, 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga skal árlega leggja fasteignaskatt á allar fasteignir, sem metnar eru í fasteignamati, sbr. þó 5. gr. laganna. Í þeirri grein eru taldar upp nokkrar undanþágur frá hinni almennu skyldu til greiðslu fasteignaskatts. Það er viðtekin regla í lögfræði að túlka beri þröngt undanþágur í lögum. Með þessa lögskýringarreglu í huga, telur nefndin, að undanþáguheimildir 5. gr. laganna nái ekki til hjónagarðanna við Suðurgötu í Reykjavík. Því er eigi unnt að taka kæru þessa til greina.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Félagsstofnun stúdenta er skylt að svara fasteignaskatti árið 1977 vegna hjónagarðsbyggingarinnar við Suðurgötu í Reykjavík.

  
Pétur Stefánsson

  
Magnús Thoroddsen

  
Torfi Ággeirsson.